

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Deiliskipulag við Súluveg, Miðhúsabraut og Þingvallastræti.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 4. júlí 2013 í samræmi við 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkt deiliskipulag fyrir athafna-, verslunar- og þjónustusvæði við Súluveg, Miðhúsabraut og Þingvallastræti.

Deiliskipulagið felur m.a. í sér að nýir landnotkunarreitir eru afmarkaðir við gatnamót Miðhúsabrautar og Súluvegar fyrir athafna-, verslunar- og þjónustusvæði. Breyting er gerð á tengingu Miðhúsabrautar og Þingvallastrætis.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 7. ágúst 2013,

Margrét Mazmanian Róbertsdóttir, verkefnastjóri skipulagsmála.